


■ Thorvaldsen í vinnustofu sinni á Charlottenburg árið 1840. Málverk eftir 1840.

# N OG ÍSLAND

## rn, fyrrverandi forseta



■ Frægt málverk eftir Horace Vernet af Thorvaldsen, árið 1833.

hann er horfinn til Rómur. Í bréfi dags. 4. apríl 1800 segir hann honum lát Sigurðar: „Den gamle Torstensen er död.“ vera má að Sigurður hafi staðið þeim feðgum nær en aðrir heldri menn í Hafnarislendinga hópi. Mörgum öðrum hafa þeir þó verið nákunnugir og ekkert ótrúlegt það sem Matthías Þórðarson segir gömul munnmæli herma, að Bertel hafi kunnað talsvert fyrir sér í íslensku. Þarf það engan veginn að stangast á við það sem haft er eftir Tómasi Sæmundssyni, sem kynntist Thorvaldsen gömlum í Rómaborg 1833, að hann hafi verið fáfróður um Ísland. Þó það nú væri, eftir 40 ára dvöl í Rómaborg. En mjög vinsamlega tók hann Tómasi og spurði hann margs af Íslandi.

Næri má geta að Íslendingar í Höfn hafa fylgst með skjótum frama Bertels, þegar hann sópaði að sér öllum verðlaunum sem akademíið gat veitt og fékk loks riflegan utanfararstyrk. Svo vill þá líka til, að af nær 200 brjóstmyndum, sem vitað er að Thorvaldsen gerði um dagana, er sú elsta af Jóni Eiríkssyni konferensráði. Af henni hefur þó aðeins varðveist andlitið, sem er úr gífsi, en myndin var að öðru leyti úr einhverjum íslenskum jarðefnum, „krítjarðartegund er Erichsen sjálfur hafði látið koma af Íslandi í þeim tilgangi að útbreidda brúkun hennar, í staðinn fyrir þesskonar jörð, er Danskir kaupa frá útlöndum.“ Þessi íslenska „krítjarðartegund“ molnaði vegna lélegs umbúnaðar í kassa sem myndin var í á leið til Íslands. Því þangað barst hún og þar er hún enn, nr. 1537 í Mannamyndasafni Þjóðminjasafnsins.

Tilkoma og saga þessarar myndar er ekki alls kostar ljós, en í sem fæstum orðum virðist málið svo vaxið sem nú skal greina, og er þá farið eftir niðurstöðum Else Kai Sass prófessors:

Andlit Jóns Eiríkssonar (d. 1787), það sem varðveist hefur í gífsi, er greinilega gert eftir nágrímu, en ekki mótað eftir andliti lifandi manns. Sennilegt er að Grímur Thorkelín leyndarskjalavörður, sem verið hafði aldavinur og addáandi Jóns Eiríkssonar, hafi skömmu eftir komu sína til Danmerkur (frá Englandi) árið 1791 farið að hugsa til þess að láta gera brjóstmynd af honum. Í þessu skyni hefur hann leitað til Bertels Thorvald-

sens sem þá var að verða frægur listamaður þótt ungur væri. Nágrímu Jóns Eiríkssonar hefur fjölskylda hans átt og lánað, og Thorvaldsen mótað eftir henni, og 1794 hefur brjóstmyndin verið tilbúin. Þetta síðastnefnda sannast á því að það ár leitaði Ólafur Ólafsson prófessor á Kongsbergi á fund Thorvaldsens, vafalítið til þess að fá aðstoð hans við gerð vangamyndar á fyrirhugaðan minnisvarða um Jón Eiríksson. Gerð var koparstunga (alþekkt) af tillögu Ólafs að varðanum, og sést þar gjörli að vangamynd Jóns er einmitt gerð eftir gífsmyndinni sem Thorvaldsen mótaði. Koparstungan er frá 1794 eða sama ári og Ólafur heimsótti Thorvaldsen.

Grímur Thorkelín gaf Bjarna Þorsteinssyni amtmanni brjóstmyndina árið 1825. Var hún þá send til Íslands með þeim afleiðingum að allt molnaði nema gífsandlitið. Það var svo lengi í eigu erfingja Bjarna, uns Steinunn Þorsteinsson, sonardóttir hans, gaf það Þjóðminjasafninu árið 1920. Er skemmtilegt til þess að vita að þessi elsta mótaða mannsmynd Thorvaldsens skuli einmitt vera hér á landi, og það eins fyrir því þótt hún sé gerð eftir nágrímu Jóns en ekki af honum í lifanda lífi, eins og Matthías Þórðarson hugði helst vera.

Athyglisvert er að við sköpunarsögu þessarar myndar koma þrjár merkir Íslendingar sem trúlega hafa allir fylgst vel með frama hins unga hálflanda þeirra, þeir Jón Eiríksson, Grímur Thorkelín og Ólafur Ólafsson. Í þennan hóp má svo bæta Skúla rektor Thorlacius, hinum mikla lærðómsmanni, sem komst til einna mestra metorða allra lærðra Íslendinga í Höfn. Af Skúla rektor og einnig konu hans gerði Thorvaldsen litlar sporöskjulaagaðar teikningar með litum, prýðilegar eins og aðrar æskumyndir hans. Í minningum fjölskyldunnar er Thorvaldsen kallaður „en ung ven og gæst“ á heimilinu.

Allt sýnir þetta að á æskuárum hefur Thorvaldsen verið kunnugur og ágætlega séður hjá öllum höfðingjum Íslendingahópsins í Höfn, enda varla við öðru að búast. Skyldi þeim ekki einnig hafa verið heldur vel til Gottskálks karls, þótt svo að hann fengi sér stundum agnarögn of mikið neðan í því?

Slíkt var víst síður en svo einsdæmi á þeirri tíð fremur en síðar varð.

### Kynni við Gunnlaug Briem

Varla getur annað hugsast en Thorvaldsen hafi kynnst ungum Íslendingum sem ætíð voru nokkrir í Kaupmannahöfn. Ekki fara þó af því miklar sögur, en góðar heimildir eru fyrir æskuvínáttu hans við Gunnlaug Guðbrandsson Briem, sem kom 15 ára að aldri til Hafnar árið 1788, hóf þar nám í myndhöggvaralist og lauk prófi í þeirri listgrein 1795 við ágætan orðstír. Voru þeir Thorvaldsen að nokkru samtíða á akademíu og hafa bersýnilega orðið góðir kunningjar. En varla gat ferill þeirra ólíkari orðið. Þegar Bertel var að leggja stokkana að heimsfrægd sinni í Rómaborg suður, venti Gunnlaugur sínu kvæði í kross, lærði dönsk lög og komst ungur í þjónustu stjórnarinnar, varð sýslumaður og bjó lengi á Grund í Eyjafirði við rausn og reisn, mikill ættfádir.

Til er í Thorvaldsenssafni langt bréf frá Gunnlaugi sem hann skrifaði Thorvaldsen þegar hann var í ársheimsókn í Danmörku 1819–20. Þetta bréf hefur ekki enn verið birt á prenti en það verður það væntanlega áður en langt um líður. Merkilagast er það vegna þess að það staðfestir góðan gamlan kunningskap þessara manna. Ekki minnst Gunnlaugur Briem á neina listiðkun í þessu bréfi, enda er skemmt af að segja, að þessi sprenglærði myndlistarmaður virðist nær með öllu hafa sagt skilið við listgyðjuna eftir að hann tók þá stefnu að gerast embættismaður. Raunar má það vel vera skiljanlegt, og ber þess þó jafnframt að geta að til eru a.m.k. þrjár smáhlutir, sem Gunnlaugur Briem hefur vissulega gert, allir nú í Þjóðminjasafni. Eitt er aflangur stokkur úr birki (Þjms. 6839) gerður handa bróður Gunnlaugs; séra Einari Guðbrandssyni á Hjaltabakka, annað er spjald með uppheyletu spegilsnúnu munstri, enda mun þetta vera einskonar prentmót til að þrykkja með á léreft (Þjms. 3217) hið þriðja og vandaðasta eru dósir kúptar með flötu loki (Þjms. 7502), gerðar svo sem nakinn drengur og hundur er hjúfa sig

saman og er þetta í rauninni ofurlítill heilleg höggmynd. Allir eru þessir hlutir frábærlega vel og fagmannlega gerðir og leynir sér ekki handbragð manns sem hefur tréskurðarlist fullkomlega á valdi sínu. Manni rennur til rifja að þessir þrjár hlutir skuli vera hið eina sem þessi bráðsnjalli og fullmenntaði myndlistarmaður hefur látið eftir sig á sviði listanna.

### Skírnarfonturinn í Reykjavíkurdómkirkju

Bréf Gunnlaugs Briem er hér einkum nefnt vegna þess að það staðfestir eitt með öðru kunningskap Thorvaldsens við landa föður síns í æsku. Hinsvegar má vel vera og er vítalaut, að Gunnlaugur hafi í og með rifjað upp fornan vinskáp þeirra Thorvaldsens af því að nú mætti ætla að hann settist fljótlega að heima í Danmörku. Gæti þá komið sér vel að eiga hann að þegar börn Gunnlaugs færu þangað til menntunar. Þetta kemur nokkuð berlega fram í bréfi hans til Finns Magnússonar, þar sem hann lætur í ljós þá von sína að Ólafur sonur sinn muni ganga myndlistarbraut og óskar þess í sömu andrá að Thorvaldsen fari nú að snúa heim til Danmerkur fyrir fullt og allt.

Hvorugt gekk þó eftir, en atvik höguðu því þannig að eitt barna Gunnlaugs bar að garði hjá Thorvaldsen í sjálfri Rómaborg, nefnilega Kristjönu Jóhönnu, sem þangað fór með Birgi Thorlacius prófessor og konu hans og dvaldist þar með þeim veturinn 1825–27. Sagt er að Thorvaldsen hafi tekið þessari dóttur æskuvinar síns með miklum blíðskap, enda vakti Jóhanna – eins og hún var oftast kölluð – athygli hvar sem hún fór því að talin var hún allra kvenna fegurst. Jóhanna var duglegur bréfritari, og hefur meðal annars varðveist bréf sem hún skrifaði foreldrum sínum frá Róm hinn 21. janúar 1827 og drepur með öðru á kynni sín við Thorvaldsen. Bréfið var prentað í Sunnanpóstinum 1838. Það sem hér skiptir máli hljóðar þannig:

„Í etarsáðs Thorvaldsens húsi hefi ég verið og séð þar ýmislegt af listaverkum hans, þar á meðal líkneskju lausnarans. Hefir listamanninum svo addáanlega tekist, eftir því sem mér fannst, að láta andlitið lýsa frelsarans innra manni, að

það yfirgekk stórum alla mína ímyndan, á líkneski þetta að standa á altari í nýbyggðri kirkju í Kaupmannahöfn. Hitt annað er skírnarfontur, sem Thorvaldsen ætlar að gefa Íslandi, í sumar mun hann sendast til Reykjavíkur dómkirkju. Ásamt öðrum dönskum mönnum sem hér eru vorum við hjá Thorvaldsen jólanóttina. Var þar mjög skemmtilegt, gestirnir urðu hæfilega gláðir og gömnuðu sér með fallegum söngum og indælum hljóðfærum. Oft flaug hugur minn heim til ykkar foreldra minna og systkina um kvöldið.“

Þetta er rifjað hér upp vegna þess að þarna minnst Jóhanna á það listaverk sem kunnast er Íslendingum og lengst hefur verið hér á landi, skírnarfontinn í dómkirkjunni í Reykjavík. Honum þarf naumast að lýsa, svo kunnur sem hann er og svo oft sem það hefur verið gert í máli og myndum, allar götur síðan Jónas Hallgrímsson lýsti honum fyrstur Íslendinga í fjórða árgangi Fjölnis 1839. Fonturinn er ferstrendur stöpull úr hvítum marmara, uppheyleptar myndir á öllum hliðum, en þéttur blómhringur kringum skálina. Á framhlið er skírn Krists í ánni Jórdan, til vinstri (framan frá séð) er María með barnið og Jóhannes, til hægri Kristur blessar börnin, en á bakhlið þrjár englar liðandi í lofti og fyrir neðan þá latnesk áletrun á þessa leið:

OPVS HOC ROMAE FECIT  
ET ISLANDIAE  
TERRAE SIBI GENTILICIAE  
PIETATIS CAUSA DONAVIT  
ALBERTVS THORVALDSEN  
A: MDCCCXXVII

Á mæltu máli íslensku merkir þetta: Albert Thorvaldsen gerði smíðisgrip þennan í Rómaborg og gaf hann Íslandi, ættarlandi sínu, í ræktar skyni, 1827. En Jónas Hallgrímsson snaraði því í ljóð árið 1839 á þessa leið:

Reist smíð þessa  
í Róm suður  
Albert Thorvaldsen  
fyrir árum tólf,  
ættjörð sinni,  
Íslandi,  
gefandi hana  
af góðum hug.

Ög brást honum ekki bogalístin eða smekkvísi fremur en endranær.

Ætli bréf Jóhönnu Briem sé ekki elsta